



Jafnlaunastefna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra

Umfang jafnlaunastefnu

Jafnlaunastefnan nær til alls starfsfólks.

Jafnlaunastefna

Lögreglustjóri ber ábyrgð á að jafnlaunakerfi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks.

Tilgangur með jafnlaunakerfi er að tryggja að allt starfsfólk Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Yfirlögregluþjónn er fulltrúi stjórnenda varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra skuldbindur sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög 56/2017 um jafnlaunavottun.
- Fylgja viðeigandi lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að ganga úr skugga um hvort kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Kynna starfsmönnum niðurstöður launagreiningar hvað varðar kynbundinn launamun.
- Bregðast við frábrigðum með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Birta stefnuna á innri vef og kynna hana öllu starfsfólki.
- Stefnan sé aðgengileg almenningi á vefsíðu lögreglunnar.